



Kennsluleiðbeiningar

Davíð A. Stefánsson

Námsgagnastofnun 2010

09954

Smásagnasmáræði – kennsluleiðbeiningar eftir Davíð A. Stefánsson

Ágæti kennari!

Þú hefur nú fyrir framan þig kennsluleiðbeiningar fyrir nýtt smásagnasafn Námsgagnastofnunar, *Smásagnasmáræði*. Bókin sú inniheldur átta nýjar íslenskar smásögur eftir jafn marga höfunda, smásögur sem eiga það sameiginlegt að efni þeirra er miðað við unglunga til að ýta undir áhuga þeirra á sagnaforminu.

Það er auðvitað að bera í bakkafullan lækinn að tala hér um að yndislestur minnki hjá Íslendingum á öllum aldri, en rannsóknir á Íslandi hafa staðfest að ánægja af lestri minnkar verulega frá 6. og upp í 10. bekk og sérstaklega hjá drengjum. Í því samhengi er auðvelt að hengja sökina eingöngu á tölvuvæðingu nútímans, en þar sem ég hef ekki fyrir því óbyggjandi sannanir ætla ég ekki að gera það. Mín eigin reynsla af kennslu bendir þó eindregið til þess að unglingar séu þaulvanir því að lesa mjög mikinn texta á hverjum degi, en þar gildir alla jafna grunnur yfirborðslestur. Venjulegur dagur í lífi unglings á Netinu samanstendur af hröðu flakki á milli heimasíðna, blogg síðna, Fésbókar, spjallforrita, tölvupósta og SMS-skilaboða. (Þetta er reyndar einnig lýsing á venjulegum degi í mínu lífi, kannski þínu líka?) Lykilatriðið er þetta:

Unglingar lesa mjög marga texta á hverjum degi.

Unglingar lesa textana hratt – þeir skanna í gegnum þá.

Unglingar lesa oft (þó ekki alltaf) án þess að kafa í innihaldið eða spá mikið í merkingu eða samhengi.

Unglingar eru þannig nokkuð óvanir því að lesa á þann hátt sem maður þarf að gera til að geta kunnað að meta bókmenntatexta – lesa í innihald, merkingu, samhengi og skynja það sem ekki er sagt.

Að setjast niður í sófa og lesa 200–300 blaðsíðna skáldsögu getur því virst eins og ókleifur múr. Afleiðingin af hröðum lestri á stuttum texta á Netinu skilar sér í því að mikill texti getur virkað ógnvekjandi, bæði á unglunga og fullorðna. Smásögur geta því nýst sem ágæt millileið til að þjálfa yndislestur og breyta viðhorfum til hans – fyrir utan þá staðreynd að smásögur eru fullgilt listform sem verðskuldar rækilega kynningu innan menntakerfisins.

Mikilvæg skref í því að virkja nemendur til yndislestrar er að fá þá til að láta af þeim hraða skönnunarlestri sem þeir eru vanir. Við þurfum að fá nemendur til að setjast ofan á textann og smjatta á honum; fara inn í hann og koma út úr honum með fróðleik og upplýsingar. Slíkt verkefni krefst tíma og orku, en það er hægt og það er gaman.

Í þessu felst stærsta áskorunin – að breyta lestrarhraðanum og viðhorfinu sem nem-

endur hafa til lestrar. Besta leiðin er að gera þeim ljóst, strax í upphafi yfirferðarinnar, að á þá sé hlustað og að þeirra álit og skynjun skipti öllu máli. Ef innleiðing á þeim nótum tekst vel byrja frækornin í nemendum að lifna við, hugir þeirra opnast og hjörtun líka, og smátt og smátt fá þeir sjálfstraust til að kafa sjálfir inn í það undarlega fyrirbæri sem bókmenntatexti er. Þá verður bókmenntakennsla ekki bara auðveldari fyrir kennarann heldur líka einstaklega skemmtileg og lifandi.

Ég skrifa þessar kennsluleiðbeiningar fyrst og fremst sem áhugamaður um menningarrýni en líka sem áhugamaður um kennslu. Ég er ekki menntaður kennari, og því er nær öruggt að þú búir yfir meiri reynslu og þekkingu en ég á sviðum almennrar kennslufræði. Þessar leiðbeiningar eru skrifaðar með það í huga að ALLIR kennarar, sem standa frammi fyrir fullri skólustofu af unglingum, geti skammlaust leitt bekkinn í gegnum efnid, líka þeir kennarar sem ekki hafa mikinn bakgrunn í bókmenntakennslu. Ég tek þetta fram til áréttingar, ekki síst til að þeir sem annað hvort vita betur en ég eða telja sig gera það fleygi ekki leiðbeiningunum í heilu lagi í ruslið.

Leiðbeiningarnar eru einfaldlega sú afurð sem ég stend uppi með eftir að hafa kennt börnum, unglingum og fullorðnum bókmenntalestur og skapandi skrif á ýmsum námskeiðum í grunnskólum, framhaldsskólum, Kvikmyndaskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Þær eru ekki tæmandi og því myndi ég heils hugar fagna ábendingum um viðbætur.

Leiðbeiningarnar skiptast í tvo hluta. Í *fyrri hlutanum eru tíundaðar almennar aðferðir* til að vekja áhuga unglunga á bókmenntalestri og endurmóta hugmyndir þeirra um lestur. Þar má finna ýmsar leiðir sem hægt er að nota í kennslustofunni og nýta sem heimaverkefni. Í *seinni hlutanum er fjallað um hverja sögu fyrir sig*, fyrst með stuttri útleggingu á efni sögunnar og svo nokkrar spurningar sem mætti leggja fyrir bekkinn í umræðum eða heimaverkefnum.

Markmiðið með þessu öllu er að fá hina ungu lesendur til að læra muninn á því að endursegja sögu og að greina efnisatriði hennar: Vísanir, tákni, myndir, liti, minni, hliðstæður, andstæður, hreyfingu og sviðsetningu.

Um leið og ég óska þér góðs gengis vil ég hvetja þig til að lesa formála sjálfrar bókarinnar vel og vandlega – þar er ýmislegt gagnlegt að finna.

Fyrri hluti – almennar leiðbeiningar

1. Að lesa formála bókarinnar fyrir fyrsta tímann

Ég hef mjög góða reynslu af því að nota töfluna í skólastofunni sem sameiginlegan lendingarpall fyrir hugmyndir og skynjun nemenda. Að heyra orð eða sjá það skrifað upp á töflu er tvennt ólíkt – og best er auðvitað að nemendur skrái sjálfir hjá sér hugmyndir og stikkorð. Ein leiðin er sú að alltaf þegar bekkurinn fer yfir sögur í tíma séu nemendur með blað og penna við höndina. Þessa aðferð væri hægt að nefna „Að hugsa með höndinni“ því að sá sem skráir punkta hjá sér þegar hann les skapar allt öðruvísi streymi hugsana en við venjulegan lestur.

Gott er að nota formálann sjálfan fyrir fyrstu textarýnina. Spyrðu nemendur hvað þeim fannst um textann og skráðu í fljótaskrift stikkorð frá þeim. Leyfðu öllum skoðunum að fá pláss á töflunni. Útkoman verður full tafla af hugmyndum og líkur eru á að ýmsir sameiginlegir þræðir komi í ljós – eins konar sameiginleg skynjun bekkjarins á því hvað er aðalatriði og hvað ekki.

Var formálinn skemmtilegur? Leiðinlegur? Hvernig þá? Af hverju? Hverju ertu sammála? En ósammála? Hvað með tóninn í formálanum? Er hann formlegur eða léttur? Hefurðu sjálf(ur) lesið einhverjar smásögur? Hver er skemmtilegasta smásagan sem þú hefur lesið? Hver er munurinn á skáldsögu og smásögu?

2. Lestrardagbók sem nemendur skila inn í lok annar

Það er mikill munur á því að lesa bók og að lesa bók með blað og penna við höndina. Hvettu nemendur til að nota þetta verklag – sumir kennarar sleppa jafnvel lokaprófi og láta nægja að nemendur skili inn lestrardagbók. Þar gildir ekki að þú þurfir að fara vandlega yfir allar síður í öllum dagbókum, því ef þú sérð að nemandinn hefur lesið sögunnar á virkan hátt og meðtekið þær er mikilvægu markmiði náð.

3. Að ræða að fyrri bragði um lestrarvenjur

Áður en þú setur nemendum fyrir að lesa sögunnar er gott að ræða aðeins um þá staðreynd að margir eiga erfitt með að lesa bókmenntatexta, eins og kemur fram hér í upphafi. Fáðu þá til að ræða lestrarvenjur, t.d. á Netinu, og hvernig sá lestur er hraður og gjarnan yfirborðskenndur. Útskýrðu að bókmenntatexti eins og smásaga sé allt annars eðlis en t.d. frétt á Netinu – að smásaga sé meira eins og flókin og efnismikil heimasíða, þar sem er að finna fjöldann allan af undirsíðum og tenglum yfir í meira efni. Fáðu nemendur til að velta fyrir sér hvenær þeir lesa sér til yndisauka og hvað mögulega trufla þá við lesturinn.

4. Að nýta klukkuna til að temja sér lestur – smátt og smátt

Þegar maður er ekki vanur að lesa bókmenntatexta er auðvelt að verða eirðarlaus – hugurinn er ekki vanur áreitinu og vill fara að fást við eitthvað auðvelt sem hann er vanur (eins og t.d. að flakka á Netinu). Þá er tilvalið að nota klukkuna til að setja sér mörk.

Tuttugu mínútur af lestri geta fleytt manni langt inn í smásögu. Segðu nemendum að prófa að koma sér vel fyrir í næði, stilla áminningu á símanum á tuttugu mínútur og ákveða að sama hvað hugurinn segir þá muni þeir lesa þangað til klukkan hringir. Með þessu móti minnka líkurnar á eirðarleysisinu og flóttanum töluvert. Ef tuttugu mínútur duga ekki til að klára söguna verður bara að setja í gang aðra tímamælingu, strax eða seinna sama kvöld.

5. Að nota það kunnuglega til að skilja það nýja

Krakkarnir hafa þegar í höfðinu ógrynni af staðalímyndum og þekkingu af persónum úr bíómyndum, sjónvarpsþáttum og bókum. Spurningin „Á hvað minnir þessi sögupersóna?“ getur opnað flóðgáttir af skynjunum og einnig kveikt aukinn áhuga. Þegar þeir eru að temja sér að þreifa á persónum sagnanna getur að sama skapi hjálpað að styðjast við kvikmyndaarfleifðina (sem er til staðar, sama hvort okkur líkar það betur eða verr). Þú getur t.d. valið eina persónu úr sögu, skrifað nafn hennar upp á töflu og beðið nemendum að segja þér hvaða leikari (íslenskur eða erlendur) færi með hlutverk hans ef gerð yrði mynd eftir sögunni. Það er um að gera að skrifa öll nöfnin upp á töflu og leggja þau svo fyrir bekkinn.

Þetta einfalda ráð fær unglingana til að mynda sér skoðun á persónum sögunnar – og það felur í sér skapandi og virkan lestur. Ef þú biður þá um rökstuðning fyrir álitinu sínu færðu fram enn meiri dýpt í þælingarnar.

6. Að leyfa sér að skoða það sem ekki er sagt í sögunni – um hvað ríkir þögn?

Þótt sagan sé jafnvel efnismikil og ítarleg koma aldrei allar staðreyndir fram í henni með beinum hætti. Eðli málsins samkvæmt hefst saga alltaf á tilteknum tímapunkti og þar með hefur lesandinn ekki beinan aðgang að forsögunni. Í sumum tilfellum getur smásaga jafnvel snúist meira og minna um atburði sem áttu sér stað áður en frásögnin hófst og það er hlutverk lesandans að skilja, í gegnum efnisatriði sögunnar, hvað forsagan fól í sér.

Svipuð lögmál gilda um aðra efnisþætti sögunnar, ekki síst persónur. Við erum alltaf að leita að meginþráðum og reyna að komast að því hverju textinn er að miðla. Þannig getur falist mikil merking í því ef sögupersóna fjallar mikið um sumar persónur en segir ekki orð um aðrar. Einfalt dæmi um það gæti hljómað svona: Sögupersóna segir frá og lýsir mömmu sinni og pabba, yngri bróður, yngri systur ... en minnst ekki orði á eldri bróður sinn. Þá væri hægt að segja að um eldri bróðurinn ríkti ákveðin þögn, því ekki er varpað á hann neinu ljósi. Þessu lögmáli er hægt að beita á öll efnisatriði sögunnar.

Til að kjarna þennan lið er gott að hafa alltaf þessa spurningu í huga:

„Af hverju segir söguhöfundur frá þessu og þessu en ekki hinu og hinu?“

Er það með vilja gert? Er hann að reyna að fela eitthvað?“

7. Að skoða sviðsetninguna í sögunni, hvernig leið hennar liggur og hvaðan sagan er sögð

Þótt saga sé ekki bíómynd þá færist sviðsetning frásagnarinnar frá einum stað til annars. Hún hefst kannski í verslun, færist svo inn á heimili og endar í kirkjugarði. Stundum er hoppað aftur í tímann og komið til baka, stundum byrjar frásögnin í draumi, færist svo inn í raunveruleikann og síðan til hugleiðinga um gærðaginn. Og svo framvegis – möguleikar höfundar með frásagnartækni og uppröðun sviðsetninga eru ótæmandi.

Þetta skiptir okkur miklu máli því að sviðsetningin getur hæglega falið í sér merkingu fyrir söguna. Hér gildir sama rannsóknarspurning og í lið númer átta:

„Af hverju segir söguhöfundur frá þessum aðstæðum en ekki hinum? Er hann vísvitandi að sleppa vissum „millisenum“? Er hann að reyna að fela eitthvað?“

8. Að komast að eigin smekk með því að bera saman sögur

Láttu nemendur ræða um, þegar liðið er á veturinn, hvaða saga þeim fannst best. Hvaða saga var verst? Af hverju? Hvaða efnisatriði gerðu það að verkum? Tónninn í söguhöfundi? Tungumálið? Efni sögunnar? Húmor? Drama? Eitthvað annað?

Með því að krefja unglíngana um rökstuðning kallarðu fram þeirra eigin gagnrýnu hugsun, ekki síst ef þeir fást til að bera ólíkar sögur saman.

9. Að nota hráefnið sem sitt eigið

Sameiginlega hugarflugið á töflunni verður að efnivið sem gaman er að leika sér með. Gefðu nemendum 15 mínútur í algerri þögn til að skrifa sinn eigin skáldaða texta undir áhrifum frá stikkorðunum á töflunni, smásögu eða ljóð eða hvaðeina annað. Einföld leið til að koma þeim í gang er að gefa þeim forskrift, t.d. þannig að sagan verði að byrja á orðunum „Einu sinni var ...“, en þó er ekki víst að forskrift sé nauðsynleg. Prófaðu líka að gera það sama en nú með dúndrandi rokktonlist í eyrunum. Prófaðu klassíska tónlist líka – útkoman gæti komið á óvart.

10. Vettvangsferð til að skilja muninn á yfirborðslestri og lestri með eftirtekt

Sendu nemendur út af örkinni í 20 mínútur með áhöld til að skrifa. Gott er að vera með litla stílabók en A4-blað sem er brotið í fernt gerir sama gagn. Segðu nemendum að velja sér einhverja leið í nágrenni skólans, t.d. ákveðna götu eða göngustíg. Gefðu þeim þau fyrirmæli að ganga þessa leið, fram og til baka, eins hægt og þeir mögulega geta. Löturhægt. Láttu krakkana skrá á blað eða í bók allt sem þeir taka eftir, smátt og stórt, og ef einhverjar hugmyndir vakna á auðvitað að skrá þær líka niður. Þessu má líkja við rannsóknarvinnu – þeir eru að leita að vísbendingum í umhverfinu.

Niðurstaðan úr svona tilraun verður að öllum líkindum sú að krakkarnir koma til baka og hafa tekið eftir alls kyns hlutum í sínu nánasta umhverfi sem þeir tóku aldrei eftir áður. Útskýrðu að bókmenntalestur sé alveg eins – maður þurfi að vera með augun opin og eyrun líka og ekki hlaupa í gegn heldur leyfa sér að rölta, taka eftir og spyrja textann krefjandi spurninga.

13. Að gaumgæfa sögumanninn, viðhorf hans og afstöðu

Lesandi er á hverjum tímapunkti algerlega á valdi einnar persónu – sögumannsins sem segir söguna. Allar upplýsingar berast í gegnum hann. Og rétt eins og manneskjur eru margbrotnar geta sögumenn verið misjafnir. Er sögumaður áreiðanlegur? Segir hann satt frá? Á hann hagsmuna að gæta? Er hann hlutlaus? Eða er hann að rugla í lesendum og hafa áhrif á skynjun sögunnar?

Afstaða sögumanns og aldur hans hefur líka áhrif. Í þessu smásagnasafni er að finna nokkur ólík dæmi um sögumann:

Í gegnum eld og reyk: Sögumaður er ómótaður unglingspiltur sem hefur lent í undarlegum aðstæðum.

Reiði: Sögumaður er unglingsstúlka á barmi taugaáfalls.

Dúsund orða virði: Sögumaður er unglingspiltur sem er að reyna að réttlæta gjörðir sínar um leið og hann segir söguna.

Ísfólkið: Sögumaður er unglingsstúlka sem er að velta heiminum fyrir sér.

Á tímum sem þessum ...: Sögumaður er ungur maður í kringum þrítugt.

Ljós leikur við myrkur: Sögumaður er ung stúlka, en við getum ekki vitað hvort hún er fimmtán eða tuttugu og fimm ára. Aukasögumaður innan sögunnar er frænka stúlkunnar, líklega á fertugsaldri.

„Sönn saga“: Sögumaður er ringluð unglingsstúlka sem liggur á sjúkrahúsi eftir mikið áfall.

Elsku mamma: Sögumenn eru tveir – unglingsstúlka og móðir hennar – og þeirra skynjanir stangast verulega á.

Í stuttu máli skiptir allt sem snertir sögumann miklu máli; öll hans viðhorf til lífsins hafa vægi. Því er gott að verja nokkrum tíma í að kortleggja sögumanninn, afstöðu hans, áreiðanleika, aldur og viðhorf, ekki síst hvort hann stendur nærri atburðunum (segir söguna jafnóðum eða fljótt eftir að atburðir sögunnar gerast) eða hvort einhver tími hefur liðið og hann segir söguna í endurliti.

14. Að skoða táknasúpuna í sögunni

Í lok formála bókarinnar er langur listi yfir hluti og staðreyndir sem gott er að fylgjast með við lestur smásagnanna. Staðreyndin er sú að smásaga er lokuð merkingarheild og innan hennar er ótal spennandi staðreyndir að finna, staðreyndir sem segja sína sögu, sem segja sögu sögunnar. Í þessu samhengi skipta öll smáatriði máli. Í hvað er verið að vísa, t.d. aðrar bókmenntir, kvikmyndir eða samfélagið sjálft? Hvaða efnisatriði fá athygli? Og hver fá ekki athygli? Um hvað er ekki talað? Hvað með andstæður og hliðstæður? Tímaflakk? Tákn, s.s. kross eða fána? Vörumerki? Liti? Sviðsetningu sögunnar? Hvar gerist sagan? Hvar byrjar hún? Hvert fer hún? Hvar endar hún?

Og svo framvegis.

Sértækt um sögurnar sjálfar

Gegnum eld og reyk eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson

Gegnum eld og reyk er nútímaleg útgáfa af „strákur-hittir-stelpu“ minninu sem líklega er það algengasta í allri okkar menningu. Sagan hefst í draumi Dodda og í fyrstu málsgreininni er forvitni lesandans vakin með því að minnst er á bruna og einhverja dul-arfulla Díönu, án þess að það sé útskýrt nánar.

Í næstu málsgrein talar Doddi sjálfur um áhugamál sitt, kvikmyndun: „Súmna að og frá, láta sjónarhornið ráða hvornig eitthvað er sagt eða gefið til kynna.“ Það er einmitt bragðið sem höfundur sögunnar beitir í uppbyggingu hennar. Sagan hefst í eins konar „súmmi“ mjög nálægt sögumanninum í fyrstu málsgreininni en dregur sig svo út í aðalatriðin, baksöguna; sjálfa myndina.

Við fáum að vita að Doddi er feiminn, á fáa vini og er álitinn hálfgerð nörd. Hann segir frá deginum sem hann hitti Díönu, spennandi og litríka stelpu. Hann lýsir þeirra fyrstu kynnum og í ljós kemur að Díana er aðgerðasinni eða aktivisti, eins og það er stundum kallað; hún er ekki ánægð með ástand mála í heiminum og vill nota mótmæli af ýmsum toga til að koma þeirri óánægju á framfæri.

Díana fer með Dodda í Grenið, sem er athvarf hústökufólks og aðgerðasinna og birgðastöð þar sem þau geyma dót sem þau hafa hirt úr ruslagámum. Lögreglan gerir rassíu en Díana og Doddi ná að fela sig á meðan.

Doddi á erfitt með að gleyma Díönu, enda kvaddi hún hann með orðunum: „Bless, sæti myndatökustrákur“. Hann ranglar um bæinn næstu daga, hálfpartinn að leita að henni. Eitt kvöldið kemur hann að Greninu og þá stendur það í ljósum logum. Doddi reynir að komast nálægt húsinu, bæði til að ná myndum af þessum atburði og til að athuga hvort Díana eða einhver annar sé þarna inni, en það heppnast ekki betur en svo að hann missir meðvitund og þegar hann rankar við sér hefur hann glatað myndavélinni.

Hann stendur því uppi með ekkert nema minningarnar; myndavélin er horfin, myndirnar líka og Grenið ónýtt eftir brunann. Það eina sem hann á eftir er ljóslifandi mynd af Díönu í huga sér.

1. Á nokkrum stöðum koma fram vísanir í að það sem Doddi upplifir sé ekki raunverulegt. Ræddu við nemendur hvað allar þessar vísanir þýða:

„Grænköflótti klúturinn sem hún var með um hálsinn gerði það að verkum að hún leit út eins og persóna í sérstöku hlutverki.“ (bls. 21). „Hét hún þá Díana eða var það kannski tilbúið nafn sem hljómaði betur en það sem var hennar raunverulega nafn? Dodds og Díana. Díana og Dodds.“ (bls. 23). „Þetta var næstum eins og í bíómynd. Mér hefði kannski liðið betur ef það sem var að gerast hefði blasað við mér í ferköntuðum ramma.“ (bls. 23)

2. Hvað meinar Díana með þessum orðum sínum?

„Heyrðu, við tókum þátt í alls konar ólöglegum aðgerðum án þess að það fatta það sjálf. Á hverjum degi.“ (bls. 25)

3. Hvað segja eftirfarandi orð um stöðu listamannsins gagnvart samfélaginu?
„Enn og aftur fékk ég á tilfinninguna að ég væri mun öruggari í að handleika myndavél en að umgangast fólk.“ (bls. 30).
4. Það er réttur allra að mótmæla óréttlæti, en hversu langt er réttlætanlegt að ganga?
5. Berðu málsniðið í þessari sögu saman við málsniðið í „Sönn saga“.
6. Notaðu orðin fasistar, heimsvaldasinnar, aðgerðasinnar, andspyrna, anarkistar, hústökufólk og rassía til að opna umræðu í bekknum.

Reiði eftir Auði Jónsdóttur

Í þessari smásögu er fjallað um kunnuglega en flókna hluti; samsettar fjölskyldur, hjónaskilnað og áhrif hans á unglínginn Kötlu. Sviðsetningin er afar einföld: Katla, sem er í níunda bekk, er í sundi að vetri til með mömmu sinni og henni líður vægast sagt illa vegna þess að pabbi hennar er að flytja út. Hún á að vera í skólanum, en mamma hennar stakk upp á sundferð með orðunum: „Suma daga hættir veruleikinn að virka.“ Til að bæta gráu ofan á svart sér Katla strákinn sem hún er skotin í kyssa aðra stelpu í barnalauginni. Og til að gera hlutina enn verri kallar mamma Kötlu á þau og segir þeim að koma. Það vill Katla auðvitað síst af öllu.

Smám saman kemur í ljós af hverju pabbinn er fluttur út – mamma Kötlu hefur haldið við annan mann í heilt ár.

Katla lýsir sjálfri sér sem feitri, asnalegri dóttur með spangir og bólur, og sam-anburður hennar við móður sína er uppspretta mikillar reiði. Hún er mjög upptekin af því hversu ómöguleg móðir hennar er, þótt hún sé vinsæl og dád leikkona.

Þrátt fyrir alla reiðina rofna allar flóðgáttir hjá Kötlu þegar mamma hennar segir að hún sé falleg og knúsar hana (bls. 51). Þá fær lesandinn líka þær upplýsingar að mamma Kötlu hafi bara verið ári eldri en hún þegar hún varð ólétt (17 ára) og að „pabbi“ Kötlu sé ekki líffræðilegur faðir hennar. Þannig mætti segja að hún væri að „missa“ annan pabbann út úr lífi sínu, sem skýrir að hluta hin sterku viðbrögð við skilnaðinum: Katla óttast að missa þennan „gervipabba“ út úr lífi sínu, því honum beri engin raunveruleg skylda til að umgangast hana. Ungur aldur mömmunnar getur líka skýrt barnaleg og yfirborðskennnd viðhorf hennar, a.m.k. virðist samúð höfundarins hallast í þá áttina.

Eftir fremur látlause og raunsæja frásögn endar sagan á einhverju sem verður að kallast heimsendamynd: „Allt brotnar hægt, hraðar, hratt, skyndilega er hávaðinn ærandi þegar þúsund glerbrot hrynja á stéttina, rétt áður en slímgræn flóðbylgja drekkur þau í sig.“

Endirinn er fremur opinn og óvæntur, en getur þó vel skilist sem rökrétt framhald af

mikilli angist Kötlu, sem upplifir fjölskyldulíf sitt hrynja á sama tíma og unglingsjálfsmyndin hristist og skelfur. Eins og hún hugsar sjálf: „Í dag er ég ekki lengur barn.“

1. Móðir Kötlu er fræg og vinsæl leikkona en hún virðist vera veikburða, barnaleg og ósjálfstæð. Í frásögninni kemur fram að bæði Katla og pabbi hennar virðast hafa gegnt vissu uppeldishlutverki gagnvart móðurinni. Hvaða áhrif hefur það á samskipti hennar og Kötlu?
2. Sagan er sögð frá sjónarhóli Kötlu og í gegnum hennar viðhorf. Lýsingin á mömmunni er allan tímann mjög grimmdarleg, eins og hún geri ekkert rétt og eins og Katla fyrirhafi hana og hati. Í lok sögunnar fáum við svo að sjá nýja og umhyggjusama hlið á mömmunni sem passar ekki við fyrri lýsingar. Við fáum líka að vita að hún var sjálf bara unglingur þegar hún átti Kötlu. Hvernig breytist skynjunin gagnvart mömmunni við þessar breytingar?
3. Skoðaðu ljóðræna notkun á tungumálinu í þessari sögu. Finndu dæmi um sterkar ljóðmyndir.
4. Í sögunni er því laumað að í gegnum útvarpið að von sé á reglulegum jarðskjálftum á Reykjanesskaganum (bls. 42). Getur verið að endirinn á sögunni sé ekki hugarburður Kötlu heldur raunveruleiki? Hvaða merkingu hefur nafn Kötlu í því samhengi?

Þúsund orða virði eftir Björn Braga Arnarsson

Þessi smásaga byrjar á keimlíkan hátt og sagan *Gegnum eld og reyk* eftir Aðalstein Ásberg; báðir höfundar byrja í nútíð, miðla vissum upplýsingum til að vekja forvitni lesandans og færa sig svo yfir í að segja söguna.

Sagan er dæmisaga um stundarbrjálæði, mistök og eftirsjá, auk þess að fjalla um einelti, bæði rafrænt og lífrænt. Sögumaðurinn er formaður nemendafélagsins og virkar fremur heilsteyptur, jarðbundinn og heiðarlegur. Samt hefur hann gerst sekur um þá vafasömu hegðun að taka nektarmyndir af Júlíu, stelpu úr bekknum hans, og fyrir slysinu rata þær á Netið. Við tekur mikið einelti gagnvart Júlíu þar sem myndirnar ganga manna á milli. Eineltið stigmagnast og endar grimmilega á árs hátíð nemendafélagsins. Þar grípur sögumaðurinn inn í með afgerandi hætti og endar í raun sem hetja í augum skólafélaga sinna – ekki síst Júlíu. Þannig er hann kominn í þá flóknu stöðu að vera skotinn í Júlíu, hafa orðið valdur að öllum hennar vandræðum, en á sama tíma hennar helsti trúnaðarvinur og hetja.

Sjálf sagan hverfist um bréf sem sögumaður reynir að skrifa til Júlíu þar sem hann útskýrir mál sitt og biðst afsökunar. Í gegnum söguna birtast í skáletrun bítar úr bréf-

inu, sem eykur nokkuð á frásagnargildið. Höfundur er nokkuð áberandi hlutlaus í sinni afstöðu gagnvart atburðunum, hann tekur sér aldrei stöðu til að fordæma það sem gerðist og hefur yfirhöfuð ekki skoðun á samfélaginu sem sagan gerist í. Þetta skapar visst tómarúm og hlutleysi sem lætur lesandann alfarið um að leggja dóm á atburðina.

1. Sagan endar á opinn hátt því við fáum ekki að vita hvort sögumaður sendir bréfið eða talar við Júlíu. Ímyndaðu þér nokkrar útgáfur af því hver næsta framvinda verður.
2. Í sögunni eru allir nafngreindir – nema sögumaður. Hvað veldur því? Hvaða áhrif hefur það á söguna?
3. Hvaða merkingu hefur titill sögunnar?

Ísfólkið eftir Gerði Kristnýju

Þessi saga leggur af stað án bakgrunns eða frekari útskýringa – hún virðist gera ráð fyrir því að lesandinn sé alveg inni í málum sögupersónanna. Tónninn er fremur prakkaralegur og sögumaður notar aðstæðurnar sem fjallað er um til að fella dóm yfir samfélaginu sem umlykur söguna. Þetta má bera saman við söguna *Þúsund orða virði*, en þar er sögumaður algerlega hlutlaus og blátt áfram. Hér stígur höfundur ítrekað fram með lýsingar sem koma upp um hans eigin skoðanir. Það er á engan hátt óviðeigandi, en setur afgerandi kærulausan og kaldhæðinn svip á alla frásögnina.

Þrjár stúlkur fara í heimsókn til þeirrar fjórðu („eins og vitringarnir þrír til fundar við Jesúbarnið“) vegna þess að hún á, að sögn, engar vinkonur. Þetta er undarleg heimsókn, farin á einhvers konar góðgerðarforsendum. Enda reynist stemningin þvinguð og vandræðaleg og engin stúlkanna veit almennilega hvernig hún á að vera.

Sagan fjallar öðrum þræði um stéttaskiptingu, eða að minnsta kosti hugmyndina um ólíka stöðu stétta, en hún fjallar líka um meðvirkni unglingsins sem vill vera eins og vinkonurnar – vill ekki vera öðruvísi. Þetta kemur glöggt í ljós í heimsókninni til stelpunnar þegar sögumaðurinn finnur til skyndilegrar samsvörunar við „Sunnu“ og henni gefst tækifæri til að teygja sig í átt að henni og tengjast. Hún gerir það þó ekki, af ótta við hinar.

Heimsóknin hrærir upp í sögumanninum og hún áttar sig á því að hún og „Sunná“ eru mjög líkar. Svo líkar að þegar heim er komið getur hún ekki sofnað – hún ímyndar sér að „Sunná“ sé komin inn í hennar eigin dagdraum um hljómsveitina með strákunum í bílskúrnum og að á einhvern hátt sé hún meira spennandi og æsandi en hún sjálf. „Sunná“ ógnar þannig viðkvæmum draumaheimi sögumannsins.

1. Hlustaðu á lagið *Dancing Barefoot* með Patti Smith og taktu sérstaklega eftir textanum. Er eitthvað í honum sem gefur frekari vísbindingar?

2. Skoðaðu lýsingu sögumannsins á áfengisneyslu föður síns á bls. 72. Hvaða tákn eru notuð til að lýsa henni?
3. Finndu dæmi um það þegar skoðanir sögumanns smitast í gegnum textann. Gott dæmi er þessi lýsing á húsi „Sunnu“: „Það glampaði á stríðsgróðann í skeljasandinum og íbúarnir máttu svo sannarlega þakka uppivöðslu Hitlers fyrir bogadregna stofugluggann“ (bls. 75).
4. Hvað vitum við um stéttaskiptingu á Íslandi? En í öðrum löndum? Er stéttaskipting á Íslandi í dag?
5. Hvað með vísanir í *Ísfólkið*? Stelpan sem þær heimsækja segist stundum ímynda sér að hún sé Sunna í *Ísfólkinu*. Kannaðu málið.
6. Geturðu ímyndað þér hvað myndi gerast næst ef þetta hefði bara verið fyrsti kaflinn í skáldsögu? Fer sögumaður aftur að hitta „Sunnu“? Lætur hún drauminn um hljómsveit rætast?

Á tímum sem þessum lærirðu að lifa á nýjan leik eftir Guðmund J. Óskarsson

Þessi dramatíska smásaga er óvenju rík af ljóðrænum texta og því er hún vel til þess fallin að kenna nemendum um slíkan texta. Ekki er úr vegi að bera hana saman við söguna *Púsund orða virði* – hversu látlaus og blátt áfram sú saga er miðað við þessa.

Í gegnum alla söguna skína viðhorf sögumannsins og hvaða augum hann lítur heiminn – í stað þess að lýsa atburðum hlutlaust notar hann myndlíkingar og hliðstæður og fullyrðingar um lífið og tilveruna. Útkoman er saga sem segir, með einfaldri sviðsetningu, frá dramatískum vímuefnavanda og andláti ungs manns og því hvernig fólk bregst á ólíkan hátt við fráfalli ástvinar. Hin ljóðræna vídd textans bætir fyrir hina einföldu sviðsetningu svo um munar.

Sögumaður lýsir því hvernig hann fer í kistulagningu Danna frænda síns. Tveimur dögum síðar fer hann á danssýningu með kærustunni sinni og þar, án þess að fatta það almennilega sjálfur, fer hann í gegnum hið raunverulega sorgarferli. Hann hugsar til kistulagningarinnar, minnst atriða úr æsku þeirra Danna og þess þegar þeir hittust síðast undir óþægilegum kringumstæðum.

Þannig verður danssýningin miðpunktur sorgarinnar, enda er henni stillt upp sem hliðstæðu við þá „sýningu“ sem kistulagningin var, og á heimleiðinni verður sögumanni orða vant. Til að útskýra tilfinningar sínar verður hann að styðja sig við lag sem hljómar úr útvarpinu: *Times like These* með hljómsveitinni Foo Fighters.

1. Taktu eftir því hvernig ljós spilar stórt hlutverk á þessum sviðsetningum: Í kistulagningunni, á danssýningunni og í bílnum á leiðinni heim.

2. Gerðu lista yfir allar sviðsetningar sögunnar, líka þær sem gerast í endurliti, og veltu fyrir þér eðli þeirra.
3. Skoðaðu textann við lagið *Times like These*. Hvað segir textinn um sögumanninn og líðan hans?
4. Hvaða viðhorfum um fikla og fikniefnaheiminn kemur sögumaður á framfæri í sögunni?
5. Sagan er uppfull af frumlegum og lifandi myndlíkingum og myndmáli. Skoðaðu hvernig höfundur notar myndmál til að auðga söguna.

Ljós leikur við myrkur eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur

Þessi smásaga stingur nokkuð í stúf við hinar sögurnar í bókinni; tónninn í henni er fornari og hún krefur lesandann um einbeittan lestur.

Sagan fer fram á tveimur sviðum; frænkurnar sitja og huga að saumaskap og á meðan segir móðursystirin litlu frænku sinni söguna af fæðingu móður þeirrar síðarnefndu. Það er hátíðlegur blær yfir frásögninni, en þó fær lesandinn á tilfinninguna að þetta sé saga sem hefur oft áður verið sögd; eins konar helgiathöfn þeirra tveggja. Frásögn móðursysturinnar hefur líka yfir sér goðsagnakenndan og ævintýrlegan blæ, og því er eðlilegt að spyrja sig hvort hún sé búin að skreyta söguna í gegnum áranna rás. Það sem ýtir enn frekar undir þetta er sú staðreynd að í sögunni er aðeins talað um móður stúlkunnar í þátíð, og ekki erfitt að draga þá ályktun að hún sé látin.

Í stuttu máli væri hægt að segja að sagan snerist að mestu um sorgina, eðli hennar og hvernig hún var órjúfanlegur hluti af lífi fólks fyrr á öldum þegar ekki var hægt að ganga út frá lífinu sem gefnu. Sagan býður líka upp á krefjandi hugleiðingar um eðli tilverunnar, einkum þar sem fjallað er um hið svokallaða „sálnasafn á himninum“.

Einnig gæti verið gaman að velta upp pælingum um eðli tilverunnar fyrr á öldum, áður en nútíma samskiptatækni kom til sögunnar. Eitt dæmi um það er þrúgandi biðin eftir læknum þegar móðirin er í bráðri lífshættu við barnsburð. Sagan er flóknari en aðrar sögur í bókinni og ekki úr vegi að skipta bekknum niður í hópa sem taka fyrir afmörkuð efnisatriði hennar.

1. Hvaða merkingu hefur titill sögunnar? Hvaða ljós leikur við hvaða myrkur? Vísar titillinn í fleiri en eina átt?
2. Móðursystir sögumanns segir þessa dramatísku sögu mjög óhikað og blátt áfram. Getur verið að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem frænkurnar fara í gegnum þessa frásögn?

3. Hvaða merkingu hefur sumardagurinn fyrsti í sögunni? Hvað er stúlkan að fara að gera á sumardaginn fyrsta sem er svona mikilvægt?
4. Hvar er mamma stúlkunnar í sögunni?
5. Berðu saman sögupersónurnar og afstöðu þeirra til lífsins og sorgarinnar.

„Sönn saga“ eftir Mikael Torfason

Í „Sannri sögu“ fáum við gott dæmi um óáreiðanlegan sögumann. Strax í titlinum birtist fyrsti efinn (titillinn er innan gæsalappa) og í fyrstu línum sögunnar birtast staðhæfingar og efasemdir beint í kjölfarið (ég veit alveg hvað ég var að gera ... en samt ...).

Forvitni lesandans er vakin með sterkri og óræðri byrjun. Svo tekur við kafli þar sem lesendur eru ávarpaðir (í fleirtölu) og síðar í sögunni kemur fram að sögumaður veit að sagan er ætluð unglingum þar sem frændi Hólmfríðar (Mikael?) skrásetur söguna og notar hana í kennslubók (bls. 109). Þetta myndar sérstakt trúnaðarsamband við lesendur bókarinnar (einkum þá sem eru á unglingsaldri) en á sama tíma vekur það spurningar um trúverðugleika Hólmfríðar. Hversu sönn er þessi saga? Er hún 10% uppspuni? 50%? 99%? Þetta er skemmtileg vídd, ekki síst vegna þess hvernig þetta kallast á við bókmenntir almennt. Þar vakna gjarnan sömu spurningar hjá lesendum um hversu „sönn“ frásögnin er; hversu mikið höfundur byggir á eigin reynslu og svo framvegis.

Sjálf sagan er nokkuð flókin og fjallar um eiturlyf, ofbeldi, vændi, handrukkanir og almennt um svartari hliðar samfélagsins eins og við þekkjum það. Almennt er tónn Hólmfríðar út í samfélagið, fjölskylduna og sjálfa sig neikvæður, og kannski ekki að undra ef allt sem hún hefur lent í er satt og rétt.

Á vissan hátt er Hólmfríður í hlutverki boðbera réttlætisins – þegar engin úrræði virðast fyrir hendi lætur hún Nonna Wium berja pabba Beggu og hún grípur til sinna eigin ráða þegar í bílskúrin er komið og henni verður ljóst að mennirnir tveir ætla að misnota hana kynferðislega. Sagan endar án eftirsjár af hennar hálfu.

1. Skoðaðu vísanir í sögunni: Hólmfríður Júlíusdóttir, Superman/Clark Kent, Idol og fleiri.
2. Skoðaðu eftirfarandi tilbúning Hólmfríðar. Er þetta jafnvel lýsing á draumsýn hennar? „Við mamma búum í miðbænum með kærastanum hennar sem vinnur á Rás eitt og þykist vera ótrúlega gáfaður. Hann er bókmenntagagnrýnandi og talar ofsalega háfleygt mál. Hann hatar Facebook og MSN og les bara bækur og vill ekki við séum með sjónvarp á heimilinu.“
3. Hólmfríður fer sínar eigin leiðir þegar hún sér ekki út úr óréttlætinu. Er það sem hún gerir siðferðilega rétt?

4. Skoðaðu málsnið sögunnar; hvernig Hólmfríður segir frá og hvernig unglingarnir tala. Prófaðu að endurskrifa hluta sögunnar á öðru málsniði, t.d. með málsniði ömmunnar.

Elsku mamma eftir Yrsu Sigurðardóttur

Í þessari sögu kveður við óvenjulegan tón, þótt ekki sé þetta í fyrsta skipti sem notast er við bréfaskipti til að segja sögu. Hér birtast okkur tölvupóstsamskipti Diddu, sem er 14 ára, og móður hennar. Didda er í sveit sumarlangt á meðan mamma hennar einbeitir sér að ritgerðarskrifum. Bréfin segja sína sögu um þær breytingar sem hafa átt sér stað á sveitabýlum landsins og líka ýmislegt um það hve erfitt móðirin á með þær breytingar. Sagan er meinfyndin og ekki ólíklegt að muni hlakka í ungum lesendum við lestur hennar og greiningu.

Í stuttu máli verður móðurinni um og ó yfir fréttum af því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í sveitinni. Stelpan er mátulega kærulaus yfir því og gerir lítið úr áhyggjum móður sinnar. Það hvarflar jafnvel að lesandanum að Didda ýki frásagnir sínar til að koma blóðinu af stað í móður sinni.

Höfundur nær, í gegnum bréfaskrififormið, að koma að fjölmörgum kostulegum lýsingum á lífinu í nútímasveit, auk þess að tefla saman átökum á milli kynslóða, þótt þau átök séu alltaf á vinalegu yfirborði. Grátbrosleg angist móðurinnar skilar sér vel til lesandans og Didda kemur honum fyrir sjónir sem blátt áfram og skemmtileg stelpa sem nýtur lífsins og tekur hlutunum eins og þeir eru, á meðan mamman engist og skelfur.

Einn boðskapur sögunnar gæti verið sá að erfitt sé fyrir foreldra að koma því þannig við að börnin læri af þeirra eigin reynslu – að börnin þurfi sjálf að veга og meta lífið og tilveruna og reka sig á í furðulegum aðstæðum.

Í einu bréfanna kemur fram að karlmenn hafi fyrir misskilning fjölmennt á sveitabæinn, að því er virðist til að kaupa einhvers konar kynlífsþjónustu. Þetta er viðkvæmt umræðuefni en mikilvægt. Hér gefst tækifæri til að ræða vændi við nemendur, hvort það sé réttlæt看legt, hvort þeir telji að það viðgangist o.s.frv. Kennarar verða að meta það sjálfir hvort þeir treysti sér í ræða málefnið við nemendur sína og hvort hópurinn sé tilbúinn í málefnalegar umræður.

1. Í upphafi sögunnar kemur fram að símtækið á bænum er bilað eða týnt og því verða mæðgurnar að vera í sambandi í gegnum tölvupóst. Hvaða áhrif hefur þetta á það hvernig samskipti mæðgnanna þróast? Geturðu ímyndað þér lífið án gema?
2. Átök á milli ólíkra tíma koma ítrekað fram í sögunni, t.d. á milli flísfatnaðar og ullarfatnaðar, Kaupfélags og Hagkaupa. Finndu fleiri dæmi um slíkt.

3. Í sögunni er vísað ítrekað í samskipti kynjanna, bæði hjá mannfólkinu (í tilburðum Rögnvaldar og tilraunum hans með kínverskt kynþokkalyf) og hjá dýrunum (þar sem kötturinn flyst yfir á næsta bæ til að vera nær læðunni og graðhesturinn Sveipur kemst í kynþokkalyf Rögnvaldar). Dæmin eru miklu fleiri: Finndu sem flest dæmi um vísanir af þessu tagi og skoðaðu hvernig þær verða kómískar í meðförum hinnar saklausu Diddu.
4. Skoðaðu hvernig Didda notar nútímalegar vísanir til að útskýra mál sitt, t.d. Angelinu Jolie og Latóseðla.
5. Í sögunni fjölmenna karlmenn til bóndans þegar Rögnvaldur auglýsir óvart SEX BEDS á bóndabænum. Aðsóknin er strax góð. Á hverju áttu gestirnir von?